

PARAVERKEFNI

Lesið með athygli

– fjórar mismunandi leiðir við glósugerð og útdrátt –

Viðfangsefni þessa verkefnis er *virkur lestur, glósutækni, samvinna og ritun*. Það felst í því að lesa yfir valinn texta og vinna með efni hans samkvæmt leiðbeiningum. Markmiðið er fyrst og fremst að kenna og þjálfva mismunandi aðferðir til að lesa með athygli. Tilgangurinn er að þið:

- skiljið betur það sem þið lesið
- skiljið meira en það sem stendur berum orðum í textanum
- munið betur það sem þið lesið
- öðlist sjálfstæði og öryggi í námi

Vinnið saman tvö og tvö. Hvert par notar eina af aðferðunum fjórum í samráði við kennara. Lesið vel yfir fyrirmælin með þeirri aðferð sem þið eigið að nota. Þegar þið hafið lokið við að lesa og vinna með textann gerið þið munnlega grein fyrir því hvernig vinnan gekk og mati ykkar á aðferðinni.

A Útdráttur	<ol style="list-style-type: none">1. Lesið yfir textann og ræðið innihald hans. Skoðið m.a. hvaða atriði í textanum eru aukaatriði.2. Dragið saman í eina málsgrein efniskjarna hvernar efnisgreinar í textanum.3. Skipuleggið málsgreinar ykkar, t.d. með því að númera þær og raða þeim þannig að samhengi þeirra sé eðlileg. Þið getið t.d. raðað frá því sem ykkur finnst mikilvægast til þess sem þið teljið skipta minnstu máli.4. Hreinskrifið textann og veljið honum nýja fyrirsögn við hæfi.
B Safna og flokka	<ol style="list-style-type: none">1. Lesið yfir textann og ræðið innihald hans.2. Finnið meginhugmynd eða -kjarna textans.3. Skráið á litla miða þau atriði sem skipta máli en sleppið þeim sem þið álítið aukaatriði.4. Raðið miðunum saman þannig að eðlilegt samhengi myndist.5. Hreinskrifið textann og veljið honum nýja fyrirsögn við hæfi.
C Spyrja og gera athugasemdir	<ol style="list-style-type: none">1. Lesið yfir textann og ræðið innihald hans.2. Ímyndið ykkur að þið eigið í samræðum við höfund textans og gerið athugasemd við allt sem ykkur finnst vera óljóst, óskýrt eða ónákvæmt. Því meira því betra.3. Finnið og skráið hjá ykkur meginhugmynd eða -kjarna textans.
D Myndræn framsetning	<ol style="list-style-type: none">1. Lesið yfir textann og ræðið innihald hans.2. Notið myndræna framsetningu til þess að draga fram aðalatriði textans, til dæmis venn-myndir, flæðirit eða hugarkort.3. Gerið grein fyrir kjarna textans í einni efnisgrein.

